

Alþingi
Erindi nr. þ 138/600
komudagur 9.12.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2009

0912003SA GB
Málalykill: 150

Efni: Umsögn um frv. til I. um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og skattanefnd laugardaginn 5. desember, þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Í meðfylgjandi minnisblaði sviðsstjóra lögfræðisviðs sambandsins eru reifaðar veigamiklar athugasemdir við ofangreint frumvarp. Með vísan til þess sem þar kemur fram leggst sambandið alfarið gegn ákvæðum II. kafla frumvarpsins, þar sem lagt er til að teknir verði upp beinir skattar á raforku og heitt vatn sem selt er í smásölu til neytenda.

Ekki verður annað séð en að frumvarpsákvæðin séu algerlega órökstudd og í beinni andstöðu við almenna stefnu stjórnvalda í orku- og auðlindamálum. Ástæða er til að benda á að nú þegar er greiddur 7% virðisaukaskattur til ríkissjóðs af heitu vatni og raforku. Hinir nýju skattar eru til þess fallnir að flækja skattkerfið til muna og þótt í frumvarpinu sé lagt til að þeir verði aðeins lagðir á tímabundið á árunum 2010-2012 er hætt á að þeir verði framlengdir og jafnvel hækkaðir. Einnig er vert að benda á að þeir munu leiða til hækkunar á verði til neytenda og þar með hafa áhrif á neysluverðsvísitölu og þar með verðtryggðar skuldir heimilanna og eftir atvikum sveitarfélaga.


Hvað varðar skatt á heitt vatn sérstaklega er rétt að hafa í huga að um er að ræða almannaþjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum þar sem aðstæður henta til slíkrar starfsemi, nánast á kostnaðarverði. Ríkið virðist vera að feta sig inn á hættulegar brautir í sinni tekjuöflun með því að telja sig geta lagt beinan skatt á þessa þjónustu sem sveitarfélögin veita. Óhjákvæmilegt er að spyrja þeirrar spurningar hvort ýmis önnur þjónusta við íbúa sveitarfélaga verði þá einnig skattlögð í framtíðinni.

Fulltrúar sambandsins eru tilbúnir að mæta á fund nefndarinnar til að gera nánari grein fyrir framangreindum sjónarmiðum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Minnisblað

Móttakandi: Karl Björnsson

Dags.: 9. desember 2009

Sendandi: Guðjón Bragason

Málsnr.: 0912003SA

Málalykill: 150

Efni: Álit á frv. til I. um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál

Ofangreint frumvarp barst sambandinu til umsagnar frá efnahags- og skattanefnd laugardaginn 5. desember og er umsagnarfrestur aðeins þrjú virkir dagar, eða til 9. desember. Jafnlangur umsagnarfrestur er veittur vegna þriggja annarra frumvarpa sem bárust með tölvupósti sama dag. Ekki er unnt að veita vandaða umsögn um frumvörpin með svo skömmum fyrirvara en í þessu minnisblaði eru reifaðar helstu athugasemdir lögfræðinga sambandsins við ofangreint frumvarp.

1. Almennar athugasemdir

Frumvarpið fjallar í raun um tvö óskyld efni. Annars vegar er lagt til í I. kafla þess að lagt verði kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti og er ekki sérstök ástæða til að gera athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins. Hins vegar er í II. kafla frumvarpsins lagt til að teknir verði upp nýir skattar á raforku og heitt vatn sem dreift er í smálsölu til neytenda. Ljóst er að þau umhverfissjónarmið sem færð eru sem rök fyrir skattlagningu skv. I. kafla eiga á engan hátt við um þá endurnýjanlegu orku sem lagt er til að verði skattlögð skv. II. kafla.

Ríkið virðist vera að feta sig inn á hættulegar brautir í sinni tekjuöflun með því að telja sig geta lagt beinan skatt á þessa þjónustu sem sveitarfélögin veita. Óhjákvæmilegt er að spyrja þeirrar spurningar hvort ýmis önnur þjónusta við íbúa sveitarfélaga verði þá einnig skattlögð í framtíðinni.

Raunar er engin tilraun gerð til þess í frumvarpinu að rökstyðja ákvæði II. kafla og er því með öllu óljóst hvaða stefna felst í frumvarpinu af ríkisins hálfu. Skýtur óneitanlega skökku við að ofangreindar skattahækkunartillögur skuli settar fram af hálfu ríkisstjórnarinnar undir sömu formerkjum þegar haft er í huga að Íslendingar stæra sig iðulega af því hve stór hluti orkunýtingar hér á landi er byggður á hreinum orkugjöfum.

Ástæða er til að benda á að nú þegar er greiddur 7% virðisaukaskattur til ríkissjóðs af heitu vatni og raforku. Hinir nýju skattar eru til þess fallnir að flækja skattkerfið til muna og þótt í frumvarpinu sé lagt til að þeir verði aðeins lagðir á tímabundið á árunum 2010-2012 er hætt á að þeir verði framlengdir og jafnvel hækkaðir. Einnig er vert að benda á að þeir munu leiða til hækkunar á verði til neytenda og þar með hafa áhrif á neysluverðsvisitölu og þar með verðtrygðar skuldir heimilanna og eftir atvikum sveitarfélaga.

Hvað varðar skatt á heitt vatn sérstaklega er rétt að hafa í huga að um er að ræða almannaðjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum þar sem aðstæður henta til



slíkrar starfsemi, nánast á kostnaðarverði. Sveitarfélögum hefur þó verið talið heimilt að áskilja sér hóflegan arð af því fjármagni sem bundið er í rekstri veitnanna. Jafnframt ber þó að hafa í huga að verð á heitu vatni er mishátt eftir sveitarfélögum og ræðst verðið af kostnaði við heitavatnsöflun og dreifikerfi. Ljóst má því vera að skatturinn mun bitna misjafnlega á neytendum og verður að ætla að íbúar á höfuðborgarsvæðinu muni greiða lægri skatt að krónutölu heldur en íbúar á landsbyggðinni, þar sem verð er almennt hærra.

Umsýsla vegna hins nýja skatts verður án efa kostnaðarsöm fyrir viðkomandi veitustofnanir og kallar skattlagningin meðal annars á breytingar á innheimtu- og bókhaldskerfum, sem þurfa að koma til framkvæmda með afar skömmum fyrirvara. Samkvæmt frumvarpinu er áætlaður tekjuauki ríkisins um 200 m.kr. á ári vegna þessa en ekki hefur verið metið hver kostnaðarauki sveitarfélaganna kann að verða. Þar sem veitufyrirtækin eru mörg hver aðþrengd í rekstri munu þau væntanlega neyðast til þess að velta þessum aukna kostnaði yfir á neytendur.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Í 3. mgr. 10. gr. kemur fram að veitufyrirtæki beri að standa skil á skatti vegna alls vatns sem selt er og aðeins verði heimilt að draga frá kröfur sem eru „sannanlega tapaðar“. Er þá átt við að fram þurfi að fara árangurslaust fjárnám eða gjaldprotaskipti? Benda má á að slíkt ferli getur tekið langan tíma og virðist ákvæðið því afar ósanngjarnt í garð veitufyrirtækja. Jafnframt er ástæða til að spyrja hvort veitufyrirtæki beri að öðru leyti hallann af því ef ekki tekst að innheimta kröfu þannig að hún er afskrifuð eða fyrnd.

Um önnur ákvæði frumvarpsins, sbr. einkum 7. gr. um sölu til skyldra aðila, tekur undirritaður undir athugasemdir Samorku um að skýrar þurfi betur ákvæði um skattskylda sölu veitufyrirtækis til annarrar starfsemi í eigin rekstri. Jafnframt tekur undirritaður undir ábendingar Samorku um að í frumvarpið vantar skýringar á því hvort breytingar séu áformaðar á endurgreiðslum til garðyrkjubænda og íbúa á köldum svæðum.

GB